

Ný framtíð

lokaskýrsla

Nr.194. 2012-2013



ÍÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI
FAGMENNSKA · VIRÐING · ÞEKKING



Formáli

Íðnskólinn í Hafnarfirði fékk styrk til að vinna að því að gera nemendum kleift að klára stúdentspróf frá skólanum. Margir yngri sem eldri nemendur Íðnskólans eru óákveðnir um hvaða nám henti og hvert skuli stefna. Þegar lengra er komið í náminu líta margir til náms sem krefst þess að þeir hafi lokið stúdentsprófi og vilja gjarnan geta klárað sitt framhaldsskólanám í Íðnskólanum. Þess vegna var litið til þess að athuga hvort hægt væri að þróa hér námsleið þar sem nemendur gætu lokið stúdentsprófi. Ferlið má skýra á eftirfarandi hátt:

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn

Markmið verkefnis var að gera nemendum á iðnbrautum Íðnskólans í Hafnarfirði kleift að klára stúdentspróf af raunvísindabraut og félagsfræðibraut samhliða sveinsprófi samkvæmt nýrri námskrá til að koma til móts við þá nemendur sem hafa hug á að stefna á áframhaldandi nám .

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Stofnaður var stýrihópur sem í voru: Inga Jóna Þórsdóttir námsráðgjafi, Úlfar Harri Elísson gæðastjóri og Sigríður Sturlaugsdóttir áfangastjóri. Einnig var stofnaður sex manna þverfaglegur vinnuhópur með áhugasömum kennurum og deildastjórum úr fimm deildum. Þessir tveir hópar unnu saman að gerð verkefnisins, funduðu reglulega og komu með hugmyndir um hvernig væri best að ná markmiðinu.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Frávik frá markmiðssetningu varð töluvert. Upphaflega stóð til að hanna braut þar sem nemendum væri kleift að klára nám til sveinsprófs samhliða stúdentsprófi af raunvísindabraut eða félagsfræðibraut. Það reyndist illmögulegt (sbr. umfjöllun um hindranir) og þess í stað var ákveðið að stefna á nýja stúdentsprófsbraut þar sem þriðjungur hennar væri verknám og tveir þriðju væru bóknám. Sú braut hefur þann styrkleika að flétta saman verk eða list/hönnun- og bóknám til stúdentsprófs á þann hátt að fjölbreyttir hæfilekar nemenda nýtist á sem bestan hátt. Vegna þess að nokkuð mikil breyting varð á



verkefninu þegar leið á vinnuferlið hliðruðust allar dagsetningar verkþátta til. Verkefnið í heild varð talsvert yfirgripsmeira en til stóð og tók lengri tíma en áætlað var.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Þegar stýrihópurinn og þverfaglegi hópurinn hafði skoðað uppsetningu og hugmyndir af stúdentprófi til viðbótar námi til sveinsprófs kom í ljós að erfitt yrði að setja slíka braut upp. Tilraunir á útfærslu hugmyndarinnar leiddu í ljós að sökum þess að Iðnskólinn í Hafnarfirði hefur ekki lokið við gerð brauta og áfangalýsinga samkvæmt nýrri námskrá fyrir sínar verknámsdeildir þá reyndist þetta verkefni vera alltof yfirgripsmikið og því ákveðið að skoða aðrar nálganir á verkefnið með opnum huga.

Aðrar hindranir voru ekki eins afdrifaríkar og vann hópurinn ötullega að lausn þeirra eftir því sem þær komu eins og hægt var. Mikill vilji var fyrir að brautin yrði mjög opin og sveigjanleg svo hægt væri að koma til móts við sem fjölbreyttastan nemendahóp. Þær hugmyndir urðu til þess að flækjustigið jókst töluvert og margar hugmyndir spruttu upp til þess að finna lausnir á málunum. Margt var hægt að leysa en ljóst var að ekki var hægt skrifa brautina alla í nýrri námskrá þar sem u.þ.b. þriðjungur hennar verður verklegur og eru rúmlega tvö hundruð verklegir áfangar kenndir við skólann á hverri önn. Verkefnið sem lítur að því að fullskrifa og skipuleggja verknámsbrautirnar samkvæmt nýrri námskrá er eins og áður segir ekki lokið og beðið er eftir frágangi dæmabrauta frá Menntamálaráðuneyti og birtingu þeirra í námskrárgrunninum www.namskra.is

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Vinnan í kringum námsbrautargerðina skilaði ótvírætt miklum ávinningi. Mikil þekking og reynsla varð til innan skólans í vinnu samkvæmt nýrri námskrá sem án efa á eftir að nýtast Iðnskólanum í Hafnarfirði vel þegar nýja námskráin tekur gildi og farið verður í það verkefni að skrifa alla áfanga sem kenndir eru innan skólans samkvæmt nýrri námskrá. Vinna stýrihópsins og þverfaglega hópsins skilað af sér annari nálgun á verkefnið og til varð hugmynd af nýrri sjö anna braut sem sameinar verk, list/hönnun- og bóknám og endar með stúdentsprófi. Hugmyndin er að nemendur geti valið sér þrjár mismunandi línur til stúdentsprófs, það er félagsvísindalínu, náttúruvísindalínu eða opna línu og sé bóknámið tveir þriðju af brautinni en val í verknámi eða listnámi/hönnun einn þriðji. Sú braut er núna um það bil að fæðast og byrjað var að prufukeyra áfanga sem henni tilheyra haustið 2013.



Mat á verkefninu

Verkefnið hefur gengið mjög vel og leitt af sér hugmynd af nýrri braut hér við Iðnskólann í Hafnarfirði. Verkefnið hefur skilað af sér hópi fólks sem hefur aflað sér þekkingu um nýju námsskrána og uppbyggingu náms samkvæmt henni. Sú þekking á eftir að nýtast Iðnskólanum í Hafnarfirði vel í framtíðinni. Nýja brautin mun hafa töluverð áhrif á skólastarfið til frambúðar þar sem boðið verður upp á nýja nálgun í samþættingu verk og bóknáms (sjá umfjöllun um nýju brautina). Skólastarfið á eftir að hagnast á nýju brautinni því hún eykur fjölbreytileika náms við Iðnskólann í Hafnarfirði og opnar fyrir nýja möguleika. Aukaafurð verkefnisins er síðan að allir nemendur Iðnskólans munu geta klárað stúdentspróf, hvort sem þeir velja stúdentsbrautirnar eða starfsnám. Því starfsnámsnemendur munu geta tekið stúdentspróf samhliða sínu námi.

Lýsing á nýju brautinni

Nýja stúdentsbrautin sem varð til við vinnu verkefnisins mun verða samþætting á verknáms, list/hönnunar og bóknáms til stúdentsprófs og byggir hún á því að fjölbreyttir hæfileikar nemenda fái að njóta sín sem best. Um er að ræða sjö anna braut og er uppbygging hennar þannig að tveir þriðju námsins til stúdentsprófs verða bóklegir og einn þriðji verklegur eða listnám/hönnun. Hægt verður að velja milli þriggja lína það er náttúruvísindalínu, félagsvísindalínu og línu með opnu vali. Auk þess mun hver nemandi fyrir sig velja sér verklegt fag eða listnám/hönnun sem verður einn þriðji brautarinnar og mun verklega eða listnám/hönnun fara upp á þriðja þrep í viðkomandi fagi.



Gert ráð fyrir af 200 fein séu 60 fein í verklegu vali í sömu grein með tilliti til þrepaskilyrða.

Kjarni allra lína - nemendur eiga að hafa lokið 102 í ens/dan/stæ/isl í grunnskóla

Íslenska 21 fein
 Enska 16 Fein
 Stærðfræði 6 fein
 Danska 6 fein
 Íþróttir 2 fein
 Upplýsingatækni 3 fein
 Náttúruvísindi 5 fein
 Félagsvísindi 5 fein
 Borgaramennt 5 fein
 Útskriftaráfangi 1 fein
Alls: 70 fein

Félagsvísindalína	Náttúruvísindalína	Opin lína
<p>Bundið val: Félagsfræði 15 fein Sálfræði 15 fein Íþróttir 2 fein Ferðalandafræði 0/ 5 fein * Saga 0/ 5 fein* Enska 0/5 fein** Stærðfræði 0/5 fein** Efnafræði 0/5 fein*** Eðlisfræði 0/5 fein***</p> <p>* Verða að velja einn fimm eininga áfanga ** Verða að velja annan áfangann *** Verða að velja einn fimm eininga áfanga</p> <p>Alls: 47 fein</p>	<p>Bundið val Stærðfræði 15 fein Efnafræði 15 fein Eðlisfræði 15 fein Íþróttir 2 fein Tölvunarfræði 5 fein Stærðfræði 0/5 fein* Líffræði 0/5 fein* Félagsfræði 0/5 fein** Sálfræði 0/5 fein**</p> <p>* Verða að velja annan áfangann ** Verða að velja annan áfangann</p> <p>Alls: 62 fein</p>	<p>Bundið val: Félagsfræði 15 fein* Sálfræði 15 fein* Efnafræði 15 fein* Eðlisfræði 15 fein* Íþróttir 2 fein Enska 0/5 fein** Stærðfræði 0/5 fein**</p> <p>* Verða að taka tvær áfangakeðjur af fjórum ** Verða að velja annan áfangann</p> <p>Alls: 37 fein</p>
Opið val 23 fein	Opið val 8 fein	Opið val 33 fein í samráði við námsráðgjafa eða áfangastjóra



Niðurstöður verkefnisins

Þegar stýrihópurinn og þverfaglegi vinnuhópurinn fóru að vinna að verkefninu kom smám saman í ljós að það markmið sem lagt var upp hentaði ekki jafn vel og gert var ráð fyrir. Að þeim sökum litu ný markmið dagsins ljós og er þeim lokið að mestu. Gert var skipulag fyrir sjö anna námsbraut sem lýkur með stúdentsprófi þar sem u.þ.b þriðjungur eininga kemur frá verklegu námi eða listnámi/hönnun.

Skipulagðir voru nýir áfangar í ákveðnum greinum og námið skipulagt með það í huga að nemendur öðluðust færni í að samtvinna bóknám og verknám eða listnám/hönnun þannig að nemendur hefðu reynslu í að flétta saman þessa ólíku nálgun á þekkingu og hagnýta þar fræðilega þekkingu í verklegum viðfangsefnum sem er oft undirstaða þess að ná árangri á sínu sviði. Gerðar voru áfangalýsingar samkvæmt nýrri námskrá fyrir alla bóklega áfanga sem í boði eru á námsbrautinni.

Verkefnið mun halda áfram innan Iðnskólans í Hafnarfirði á því formi að haldið verður áfram að vinna með og þróa námsbrautina og prufukeyra áfanga vorönn 2014 samhliða því sem brautarlýsing og frágangur brautarinnar verður kláraður.

Brautirnar voru sendar til Menntamálaráðuneytis til umsagnar vorið 2014 og fengust ekki samþykktar. Gerðar voru athugasemdir við nafnagiftir brauta og uppsetningu þeirra í námskrárgrunninn. Vegna bágar fjárhagsstöðu Iðnskólans hefur ekki verið farið í að lagfæra og endursenda þær til samþykktar en með bættri stöðu standa vonir til að það verði hægt á þessu ári.

Þau nýju markmið sem stýrihópurinn og þverfaglegi vinnuhópurinn komu fram með hafa náðst og er hópurinn ánægður með árangur og afrakstur vinnunnar. En vinna sem snýr að námi, leikni, þekkingu og færni er aldrei lokið og því munu án efa koma upp ný markmið í framtíðinni enda hópurinn enn að vinna saman og beita sér fyrir því að skipulagning og nám í Iðnskólanum í Hafnarfirði haldi áfram að vera gott og í stöðugri þróun.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins

Starfsfólki og nemendum skólans hefur verið kynnt uppbygging nýju brautarinnar og hvernig hún kemur til með að aðlagast því námi sem fyrir er. Starf stýrihópsins og




Þverfaglega vinnuhópsins og lýsing á brautinni í heild hefur verið kynnt innan skólans á stjórnendafundum, kennarafundum og starfsmannafundum. Verkefnið í heild hefur verið kynnt Menntamálaráðuneytinu í formi beiðni um samþykkt á brautunum.

Annað sem er gagnlegt


Ljóst er að með ákvörðun Menntamálaráðherra um styttingu náms til stúdentsprófs verður nauðsynlegt að stytta brautina um eina önn, sú vinna hefur að mestu farið fram og þarfnast aðeins endalegs frágangs.

Þrátt fyrir að markmið verkefnisins hafi breyst töluvert á meðan á vinnu við það stóð þá er það trú okkar að niðurstaðan sé afar áhugaverð braut sem eykur á fjölbreytileika námsvals fyrir nemendur. Stúdentsbrautin sem um er um að ræða er öðruvísi námsleið fyrir alla þá sem vilja ekki taka eingöngu hefðbundið bóknám til stúdentspróf. Nemendur fá tækifæri til að velja stúdentsbraut þar sem fjölbreyttir hæfileikar þeirra njóta sín á sama tíma og þeir verða vel undirbúnir undir frekara nám á háskólastigi. Þá ekki síst í verk- og tækninám sem stöðugt er skortur á nemendum í.

Hafnarfirði 11. mars 2015


Sigríður Sturlaugsd., verkefnastjóri




Þór Pálsson, skólameistari



Meðfylgjandi: Brautarlýsing og áfangalýsingar af www.namskra.is